

Fundargerð 125. fundar stjórnar Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar ehf., haldinn þann 7. nóvember 2017, kl. 09.00 á skrifstofu félagsins að Skógarbraut 946, Reykjanesbæ.

Mættir:

Georg Brynjarsson, formaður stjórnar,

Hafsteinn Hafsteinsson,

Steinunn Sigvaldadóttir,

Marta Jónsdóttir, framkvæmdastjóri,

Anna Steinunn Jónasdóttir, verkefnastjóri, sem jafnframt ritaði fundargerð.

Sigurður Harðarsson, Centra, kominn á fundinn undir lið nr. 2.

1. *Fundargerð síðasta fundar.*

Borin upp, samþykkt og undirrituð.

2. *Kynning vegna formbreytinga á skuldamálum Heimavalla.*

Sigurður Harðarsson, Centra, kom inn á fundinn undir þessum lið. Sigurður kynnti fyrir stjórn formbreytingu á skuldamálum Heimavalla. Stjórn fól framkvæmdastjóra að vinna málið áfram.

3. *Samskipti við fjármálaráðuneytið*

Stjórnarformaður gerði stjórn grein fyrir samskiptum sínum við fjármálaráðuneytið.

4. *Kynning á drögum að verkefnaáætlun vegna samstarfsverkefnis sveitarfélaga, Isavia og Kadeco.*

Framkvæmdastjóri kynnti fyrir stjórn drög að verkefnaáætlun vegna samstarfsverkefnis Reykjanesbæjar, Garðs, Sandgerðis, Isavia og Kadeco. Umræður. Stjórn þakkaði kynninguna.

5. *Erindi sveitarfélagsins Garðs vegna lóðar við Rósaselstorg.*

Framkvæmdastjóri kynnti fyrir stjórn erindi sveitarfélagsins Garðs vegna lóðar við Rósaselstorg. Umræður. Framkvæmdastjóra var falið að rita sveitarfélaginu bréf þar sem fram kæmi að stjórn teldi ekki tímabært að ráðstafa lóð eða svæðum á umræddu svæði.

6. *Fyrsta umræða um stefnu félagsins um lóðaúthlutanir.*

Stjórnarformaður ásamt framkvæmdastjóra kynntu hugmyndir um lóðaúthlutanir og byggingarrétt lóða. Umræður. Máli frestað til næsta fundar.

7. Önnur mál.

Advania – beiðni um lóð við Sjónarhól 4.

Stjórnarformaður lagði til við stjórn að fá Advania inn á næsta stjórnarfund. Stjórn samþykkti það.

Ekkert fleira var rætt undir liðnum önnur mál.

Næsti fundur verður haldinn í nóvember.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11.58.

Georg Björnsson  
Hauk E. Hauksson  
Stjórnun Dývalded